

Ágúst Einarsson

Grein byggð á erindi á á ráðstefnu í þjóðfélagsvísindum  
við Háskólann á Bifröst 3. og 4. maí 2013

## Menning, öfgar og stefnumótun

### 1. Menning og siðferðileg viðmið

Í greininni er tengslum menningar og öfga lýst. Gerð er grein fyrir hvernig öfgar birtast í samfélagi manna, meðal annars í sögulegu ljósi. Kannað er hvernig aðferðir stefnumótunar geta dregið úr öfgum með árangursríkri menningarstefnu, þar sem konur gegna lykilhlutverki.

Menning er mannleg hegðun sem flyst milli kynslóða og mótast fyrst og fremst af mörgum kynslóðum. Menning lýsir, skapar, varðveitir, auðgar og miðlar tilfinningum og umhverfi mannlegs samfélags. Það gerist í hugmyndum, listum, máli, trú, venjum eða á fleiri vegu.

Menning hefur í för með sér ytri áhrif sem geta bæði verið jákvæð og neikvæð. Dæmi um jákvæð ytri áhrif er menntun sem hefur í för með sér aukna hagsæld. Aukin menningarleg umsvif leiða einnig til bættra lífskjara. Menning tengist einnig ýmsu sem ekki er unnt að mæla, eins og aukinni vellíðan og fjölbreyttri upplifun einstaklinga. Neikvæð ytri áhrif eru til að mynda mengun eða öfgar.

Mörg trúarbrögð reyna að vinna gegn öfgum og sama gildir um ýmsar heimspekikennningar. Þannig hefur hófsemi verið boðskapur innan margra heimspekikenninga og trúarbragða en stundum bregða þó bæði trúarbrögð og heimspeki fyrir sig öfgum í skoðunum og háttsemi.

En er til góð eða slæm menning? Hvað með menningu nasista? Um nasista er ekkert nema slæmt að segja en þó er hægt að velta því fyrir sér hvort einhvers konar menning hafi búið að baki hugmyndafræði þeirra.

Til að svara þessu er unnt að setja siðferðileg viðmið sem lágmarkskröfur um það sem kallað er menning. Þessar lágmarkskröfur geta snúið að lýðræði, verndun minnihluta og að samskipti séu friðsöm. Séu þessi siðferðilegu viðmið sett inn í orðræðu um menningu er henni búin ákveðinn grunnur. Í ljósi þessara viðmiða er augljóst að ekki er hægt að kalla hugmyndafræði nasista menningu.

### 2. Öfgar og birting þeirra

Öfgahyggja er það sem venjulega er utan almennra viðmiða í sérhverju samfélagi. Ríkjandi viðhorf almennings ráðast að mestu eftir stöðu viðkomandi, ekki hvað síst valdastöðu. Öfgar geta komið fram í sjónarmiðum og hegðun, eins og trú og aðgerðum.

Andstaðan við öfgar er hófsemi sem er gilt viðmið í hegðun mannsins og hefur löngum verið talið rétt, siðlegt og æskilegt. Öfgar eru á hinn bóginn eitthvað sem er rangt, ósiðlegt og óæskilegt. Umræðan um öfgar í samfélögum er ekki ný af nálinni en ástæður þess að öfgar ná á annað borð fótfestu eru venjulega þær að eitthvað raskast og reglu er bylt eða henni ógnað. Þannig eru efnahagslegar ástæður oft en ekki ástæða fyrir auknum öfgum.

Þegar rót kemst á samfélög geta þau liðið undir lok. Hægt er að taka dæmi af Rómverjum til forna en þegar öfgar jukust í samfélagi þeirra og siðferði hrakaði breyttust reglur og hegðun

valdastéttanna varð smátt og smátt með allt öðrum hætti en áður. Var það meðal annars til þess að samfélagið liðaðist að lokum í sundur.

Gera þarf skýran greinarmun á öfgum og róttækni en róttækni er innan venjulegra viðmiða en það eru öfgar ekki. Það að krefjast breytinga með róttækri afstöðu fylgir öllum samfélögum og oftast ræður lýðræðisfyrirkomulagið við þá afstöðu enda er markmið róttækni yfirleitt ekki að steypa lýðræðinu og mismuna fólki öfugt við það sem öfgahyggja í stjórnámálum hefur oft haft að leiðarljósi.

Öfgastefna eða öfgahyggja er orð sem notað er til skýringar utan frá. Þannig kalla hópar sem eru öfgahópar, til dæmis til hægri eða vinstri, sig ekki öfgahóp heldur nota þeir önnur hugtök eins og fylkingu, flokk, samtök eða herdeild. Í baráttu innan samfélaga geta sjónarmið verið langt hvert frá öðru. Þannig heyrst stundum hin gamla klisja að sá sem talinn er öfgamaður af einum sé álitinn frelsishetja af öðrum. Þess háttar orðræða er oft marklítill og einungis verkfæri í valdabaráttu einstaklinga og hópa þar sem talið er mikilvægt að setja þá merkimiða á andstæðinga eða sjálfan sig sem henta hagsmunum viðkomandi aðila hverju sinni.

Öfgahyggja nærast á ýmsu, eins og misskiptingu, trú og ofstæki forystumanna. Þannig þekkjast mörg dæmi um það að þegar reglur riðlast koma fram spámenn eða meintir foringjar sem vilja leiða fólk í tiltekna áttir, þótt stundum séu einfaldlega ekki annað en eigin hagsmunir þar að baki. Það að beita annan valdi, líkamlegu eða andlegu, til að gæta sinna eigin hagsmuna eða til að komast yfir eitthvað sem náunginn á, er hegðun sem hefur fylgt mannum frá upphafi.

Öfgar eru óæskilegar ef þær eru skilgreindar sem hegðun utan venjulegra viðmiða. Hér þarf þó að hafa í huga að viðmið breytast oft með tímanum. Það er þó hægt að slá því föstu að gott sé að fylgja stefnu sem dregur úr öfgum. Þetta er sérstaklega mikilvægt því að öfgum fylgir oft valdbeiting. Eftir því sem meiri öfgar eru í samfélagi því meiri verður valdbeitingin, sem fljótt getur komið fram í spillingu, ofbeldi, ránum, pyntingum og jafnvel lífláti, og brýtur bæði skráð og óskráð lög og traðkar á algildum mannréttindum. Mannkynssagan geymir mörg dæmi þar sem valdhafar skirrast ekki við að beita öllum meðulum til að tryggja völd sín og sinna. Í eðli sínu er barátta gegn lýðræði eitt form öfga, þótt lýðræði sem stjórnarform sé hvorki langvinnt né almennt í sögu mannsins, þótt það sé nú oftast viðurkennt sem besta stjórnarformið.

Þótt öfgar geti sprottið upp úr misskiptingu er misskipting ekki forsenda fyrir öfgum enda hefur misskipting verið lengi við lýði í sögu mannsins og stundum hefur henni fylgt öfgastefna, en þó ekki alltaf. Þannig hefur auði og afkomu alltaf verið mjög misskipt en í nútíma samfélögum, þar sem fréttir, til dæmis um misskiptingu, berast mjög hratt á milli fólks, getur það þó leitt til þess að öfgaöflum vaxi fiskur um hrygg.

Þótt hér hafi verið rætt um öfgar og valdbeitingu í stærra samhengi innan samfélaga er öfgar einnig að finna innan fjölskyldna þar sem öfgafull framkoma kemur fram í valdbeitingu eða ofbeldi, til dæmis af hendi heimilisföður gagnvart konu og börnum.

Hættan af öfgamönnum felst í skorti á umburðarlyndi og í því sem þeir segja um andstæðinga sína, svo vitnað sé til Róberts Kennedy, fyrrum dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. Það er einmitt lýsandi fyrir orðfæri um öfgar að það felur oft í sér árásargirni, ókurteisi og ber vott um lítilsvirðingu gagnvart öðrum meðborgurum og sjónarmiðum þeirra.

### 3. Sögulegir þættir tengdir menningu og öfgum

Hófsemi, sem er andstæða öfga, hefur lengi fylgt menningu mannsins. Sókrates lagði mikla áherslu á hófsemi og Ilíonskviða Hómers fjallar um reiði og ofmetnað og hvað af því hlýst. Skáld hafa frá

ómunatíð fjallað um hvernig öfgar í hegðun mannsins leiða til vansældar og oft tortímingar viðkomandi einstaklinga eða samfélaga.

Menning lýsir í siðaboðum sínum, sem oft eru klædd í búning trúarbragða, hvernig æskileg hegðun á að vera og oft má lesa úr þeim baráttu gegn öfgum. Þetta hefur alltaf verið áberandi sjónarmið innan heimspeki. Reyndar falla siðaboðskapur og trúarbrögð oft saman í eina heild og oft er ekki er hægt að skilja þar á milli. Þannig eru trúarbrögð Kínverja, fjölmennustu þjóðar heims, einkum byggð á siðaboðskap Konfúsíusar en hann var uppi um 500 f. Kr.

Í kristinni trú má sjá sömu þróun en siðareglur innan hennar, sem kallast hinar sjö dauðasyndir, ber að mati Tómasar frá Aquino frekar að skilja sem siðaboðskap en að eilíf útskúfun fylgi því að brjóta þær. Það er athyglisvert að skoða dauðsyndirnar sjö þar sem þær fela allar í sér öfgar og brot á hófsemi. Þær eru ágirnd eða græðgi, hroki, leti, losti, ofát, reiði og öfund. Í þessari lýsingu sést að mörgu er að hyggja og ekki er gott að segja til um hvaða siðaboð megi sín mest af þeim sem hér eru talin upp.

Ágústínus kirkjufaðir lagði sérstaklega út af græðgi þegar hann með tilvísun í Lúkasar guðspjall sagði að margar fátæklinga væru tryggari geymslur en fullar hlöður ríkismanna. Þrátt fyrir þessa viðleitni til góðrar hegðunar innan kristinnar býr hún einnig yfir annarri sögu þegar öfgar tóku völdin eins og raunin varð á dögum rannsóknarréttarins eða með þeirri mannfyrirlitningu í nafni kristinnar sem blasti við í útrýmingu innfæddra í Mið- og Suður-Ameríku í byrjun 16. aldar.

Saga Íslands einkennist ekki af miklum öfgum enda var rótgróin menning hér allveg frá upphafi sem kom einkum fram í tungumálinu og miðaldabókmenntunum sem og góðu læsi almennings. Þótt innanlandsátökin, sem kennd eru við Sturlunga, hafi leitt til yfirráða erlends valds er ekki hægt að sjá miklar öfgar í þeirri þróun og á það einnig við um næstu aldir enda var Ísland alla tíð, langt fram á 20. öld, sárafatækt og eftir litlu að slægjast þar. Þó eru dæmi um öfgar hér á landi sem birtust í Stóradómi og í galdraofsóknum.

Misskipting innan samfélaga og óréttlæti sem birtist í örbirgð getur reynst góður jarðvegur fyrir öfgafull sjónarmið. Þannig taldi Keynes lávarður, mesti hagfræðingur 20. aldar, það hafið yfir allan vafa að friðarsamningarnir eftir fyrri heimsstyrjöldina 1918 hefðu verið það ósanngjarnir að útilokað væri fyrir Þýskaland að standa við þá og leiddu þeir til mikilla efnahagserfiðleika, óðaverðbólgu og þrenginga hjá almenningi sem greiddi aftur götu öfgasjónarmiða nasista og fasista. Það má ekki gleyma því að Hitler komst fyrst til valda í lýðræðislegum kosningum árið 1933 þótt hann í krafti ofbeldis tæki síðar öll völd og framfylgdi öfgastefnu í því líkum mæli að varla hefur slíkt sést fyrr né síðar í sögu mannsins. Beitt var skefjalausu ofbeldi sem tug- eða hundruð milljónir manna urðu fyrir barðinu á en sem milljónir manna tóku þó þátt í að framfylgja.

Öfgar geta brotist út með einkennilegum hætti eins og var í tilviki málverkasýningar sem þáverandi formaður Menntamálaráðs, Jónas Jónsson frá Hriflu, stóð fyrir árið 1942 til að sýna, að hans mati, úrkynjaða list en það voru verk listmálara sem nú, og að hluta til þá, töldust til fremstu málara landsins. Öfgar koma oft fram í tengslum við listir en líklega er nær að kalla það róttækni frekar en öfgar. Róttækni, sem birtist í framúrstefnuverkum, hefur ætíð fylgt manningum en á oft erfitt uppdráttar í byrjun.

Það er einnig hægt að beita hugtakinu um sjálfbærni í þessu sambandi en sjálfbærni er það að nýta auðlindir og mæta þörfum nútímans án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða. Þetta hugtak hefur miðlæga stöðu í umhverfisumræðunni en er notað víða, meðal annars innan menningar.

Vellíðan einstaklinga felst meðal annars í því að tryggja jafnræði milli kynslóða og innan kynslóða. Sjálfbærni verður að tryggja fjölbreytni fyrir framtíðina. Þetta er mikilvægt vegna þess að fjölbreytni er aðalsmerki menningar. Menning hefur fyrst og fremst gildi vegna margbreytileika

í samfélaginu eða milli samfélaga eða þjóðfélagshópa. Það er þó alls ekki auðvelt að tryggja það, síst hjá veikburða samfélögum.

Með því að setja fram skuldbindingu í anda sjálfbærni til að tryggja menningarlega fjölbreytni eru minni líkur á framkvæmd öfgastefnu. Þó er mikilvægt að hafa í huga skuggahliðarnar á þeirri útfærslu en hina auknu hryðjuverkaógn má meðal annars rekja til þess að menningarleg fjölbreytni er í miklu meira návígi en áður og minni tími er til að laga sig að nýjum og framandi menningarstraumum en áður. Þolinmæði gagnvart nýjum menningarviðhorfum og innflytjendum er oft lítil á borði, sem kemur fram í meiri öfgahyggju, þótt mikilvægi nýrra viðhorfa sé oft viðurkennt í orði.

Á þessari öld, og reyndar í lok þeirrar síðustu, hefur öfgahyggju vaxið ásmegin og birtist það meðal annars í hryðjuverkum, þar sem mannlíf eru einskis metin. Það er hægt að fullyrða að ekki er minna um öfgar nú á dögum, sem njóta víðtæks stuðnings, en var oft áður í sögu mannsins.

Meiri öfgar eru nú innan stjórn mála en áður, svo sem í mörgum Evrópuríkjum, þar sem yfirlýstir öfgaflokkar ná jafnvel kjöri í bæjarstjórnir eða á landsþing. Á sama tíma og öfgahyggju hefur vaxið fiskur um hrygg hefur tiltrú almennings á stjórn málamönnum og hefðbundnum stjórn málaflokkum minnkað verulega.

Þá er fróðlegt að sjá hinar miklu deilur í bandaríska þinginu milli repúblikana og demókrata um ríkisfjármál þar sem þingmál eru tekin í gíslingu hvað eftir annað. Þetta þekkist reyndar hérlendis líka og það var athyglisvert að Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, taldi að á sínum 35 ára þingmannsferli hefði aldrei verið háð jafn óvægin barátta á Alþingi en síðustu vikur kjörtímabilsins sem lauk í apríl 2013. Þetta sýnir önnur vinnubrögð og önnur viðmið, hvort sem hægt er að tengja það öfgum eða öðrum ástæðum.

Í bandarískum stjórn málum er á síðustu árum hægt að greina athyglisverða þróun þar sem trúarleg gildi vega mun þyngra heldur en raunin var fyrir nokkrum árum. Menn hafa alltaf vitað af sterkum, trúarlegum hreyfingum í Bandaríkjunum og rætt er um biblíubeltið í Bandaríkjunum en það eru þau svæði þar sem ríkir sterk trú á boðskap biblíunnar og þróunarkenning Darwins er jafnvel dregin í efa. Þessi viðhorf og þeir sem þar eru í forystu hafa þó aldrei náð sérstaklega sterkri stöðu innan bandarískra stjórn mála, hvorki innan Demókrataflokksins né Repúblikanaflokksins. Þetta hefur þó breyst á örfáum árum.


Nú kemst enginn áfram í bandarískum stjórn málum nema að taka tillit til þessara viðhorfa og þessara svæða eða vera jafnvel fulltrúi þeirra. Áhrif sérhagsmunahópa á kjörna fulltrúa hafa aukist, meðal annars vegna æ kostnaðarsamari kosninga- og prófkjörsbaráttu frambjóðenda og það hefur verið vatn á myllu öfgasinnaðra hópa sem geta ráðið úrslitum um kjör einstakra frambjóðenda.

Þannig hefur öfgahyggja í stjórn málum aukist. Það er þó ef til vill of sterkt að orði kveðið að tala hér um öfgahyggju í stjórn málum og trúmálum. Hugsanlega er æskilegra að tala um sterkari skírskotun en áður til trúarlegra viðhorfa sem mótar aftur afstöðu innan einstakra landa í mun meira mæli en áður. Það er þó alls ekki útilokað að einmitt þetta síðasta orðalag sé of varfærið.

Gróft orðalag og persónulegar árásir á netinu og í nútíma samskiptamiðlum lýsa breyttri hegðun hjá fólki og það er greinilegt að umburðarlyndi er á undanhaldi en það er einmitt dæmi um að þá eigi öfgar auðveldar uppdráttar.

#### **4. Stefnumótun innan menningar**

Þegar hugað er að stefnu innan menningar, sem stuðlar að minni öfgum, er hollt að líta til einnar mestu breyту í samfélögum manna en það er fólksfjölgunin.



Mynd 1: Íbúafjöldi á jörðinni 500 f.Kr. til 2013

Á mynd 1 sést breyting á fólksfjölda frá árinu 500 f.Kr. Þá var íbúafjöldi jarðar um 100 milljónir manns, við fæðingu Jesús Krists í kringum árið 1 um 200 milljónir, eitt þúsund árum seinna 275 milljónir og árið 1500 um 450 milljónir. Árið 1800 var íbúafjöldi jarðar kominn upp í 1.000 milljónir eða einn milljarð og eitt hundrað árum síðar eða árið 1900 í 1.600 milljónir. Á næstu eitt hundrað árum fjölgaði íbúum jarðar um 4,5 milljarða og voru þeir 6.100 milljónir um síðustu aldamót. Síðan þá hefur bæst við einn milljarður og nú, árið 2013, eru íbúar jarðar 7.100 milljónir. Mannkyninu fjölgar nú um 80 milljónir á hverju ári en það nemur öllum íbúafjölda Þýskalands. Þessi mikla fólksfjölgun síðustu aldar gerir samanburð við fyrri tíma mjög erfiðan og óljóst er hversu mikið greining á ýmsum vandamálum nú geti átt tilvísun í fyrri reynslu. Hugsanlega er hin mikla fólksfjölgun ein skýring þess hversu mannlíf eru nú lítills metin, eins og vel hefur sést í fjölmörgum borgarstjörldum á síðustu árum víða um heim og í aðbúnaði verkafólks, meðal annars barna, í þrælaverksmiðjum í mörgum þróunarlöndum, sem framleiða vörur fyrir vestræna markaði.

Menning, sem hegðun fólks í margar kynslóðir hefur mótað, elur af sér afstöðu til annarra lífsgilda sem hafa meðal annars að geyma hófsemi, heimspeki, trú, náungakærleik og heilbrigða lífshætti og er vænleg leið til hamingju. Það er hægt að móta stefnu til að ná þessum markmiðum. Nútíma stefnumótun byggir á tiltekinni aðferðafræði um skipulögð vinnubrögð, samanber mynd 2.



Mynd 2. Mótun menningarstefnu


Hefðbundin aðferðafræði við að móta stefnu innan opinberrar stjórnsýslu er að ákveða markmið

stefnunnar, framkvæma stefnumótunina og gera mælingar. Hægt er að gera það í sex skrefum; það er að fela þeim ábyrgðarvald sem það eiga að bera, samræma stefnuna milli einstakra stiga stjórnsýslunnar, velja þau tæki sem henta best til að ná settum markmiðum, hrinda stefnunni í framkvæmd með mælanlegum árangri, hafa eftirlit og meta árangur stefnunnar og nýta endurgjöf til að tryggja framgang stefnunnar í framtíðinni, samanber mynd 2. Við mótun stefnu er oft látið við það sitja að skilgreina markmiðin en það er fjarri því að vera nægjanlegt. Það þarf að útfæra nákvæmlega hvernig þeim markmiðum verði náð, hvernig þau eru metin og hvernig eftirliti verði háttáð.

Ef mynd 2 er tengd við menningu og hófsemi sést að hér skiptir máli að finna leiðir sem falla að þessari hugsun. Þetta er sambærileg aðferðafræði og stunduð er innan félagsvísinda, einkum viðskiptafræði. Þannig geta ólíkar vísindagreinar lagt til verkfæri í þessa stefnumótun. Aðilar sem koma að menningarstefnu eru einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og opinberir aðilar, innlendir og alþjóðlegir. Menning er aflvaki þjóðernis, samfélags og samskipta og eiga stjórnvöld að móta menningarstefnu í samráði við marga aðila í samfélaginu og jafnvel binda þætti hennar í stjórnarskrá.

Hægt er að beita ýmsum aðferðum innan félags- og hugvísinda til að skoða öfgar og hegðun við þær aðstæður. Til að mynda hefur verið rannsakað hvernig hægri öfgahyggja býr um sig hjá ungum karlmönnum í austurhluta Þýskalands, þar sem áður var Austur-Þýskaland, og eru lögð til grundvallar viðmið eins og samkeppni í samanburði, einstaklingshyggja, efnishyggja og samþykki á ójöfnuði innan samfélagsins. Þannig er hægt að sýna fram á að eiginhagsmunahyggja samhliða því róti sem komst á samfélagið við fall múrsins sem og veik efnahagsleg staða geti verið frjór vettvangur fyrir öfgahyggju hjá þessum tiltekna hópi. Það kemur meðal annars fram í andúð gagnvart innflytjendum og útlendingum almennt. Þessi niðurstaða gæti vel átt við fleiri lönd.

Hægt er að leggja svokallaðan menningarhring til grundvallar, sem er grunnur Sameinuðu þjóðanna við framleiðslu á menningarlegum afurðum, en menningarhringurinn er sýndur á mynd 3.



Mynd 3. Menningarhringur

Menningarhringur hefst á sköpun, því næst framleiðslu, dreifingu, sýningu eða miðlun, neyslu og þáttöku neytenda, og endurtekur sig síðan í sífellu, samanber mynd 3. Þannig geta viðmið og

viðhorf í nútíma stefnumótun og framleiðsla í efnahagslífinu á menningarafurðum verið óaðskiljanlegur þáttur í menningarstefnu sem felur í sér aukin menningarleg umsvif.

Markmiðið er fyrst og fremst að styrkja þá hugmyndafræði í flestum menningarheimum og trúarbrögðum að áhersla sé lögð á náungakærleik en það felur í sér hófsemi, höfnun á öfgum og friðsamlega sambúð. Ef það tekst að gera þessi viðhorf að almennum viðhorfum flestra stjórnvalda og sem flestra einstaklinga gæti heimurinn horfst í augu við bjartari framtíð með sterka hugmyndafræði og tekist á við vandamál hungurs, ófriðar og umhverfis með árangursríkari hætti.

## 5. Hlutverk kvenna

Í ljósi styrjalda og vopnaðra átaka, sem eru helsta vandamál mannlegra samfélaga frá öndverðu og byggja oftar en ekki á öfgum, er athyglisvert að hugsa sér samfélög þar sem konur skipa valdstöður en ekki karlar, eins og hefur löngum verið. Líkamsburðir karlmannsins sköpuðu honum þá yfirburðastöðu sem hann hefur haft í þau 12.000 ár sem maðurinn hefur búið í skipulögðum samfélögum, allt frá því að maðurinn tók sér fasta búsetu, þótt völd hans hafi reyndar verið ótvíræð fyrir þann tíma.

Nú er í gangi ný atvinnuháttabylting sem einkennist af tölvu- og snjallsímataækni, netinu og samskiptamiðlum, framförum í vísindum, meðal annars lífvísindum, erfðabreyttum matvælum, nýjum skapandi atvinnugreinum, nýjum orkugjöfum, hlýnun jarðar og gífurlegri fólksfjölgun á stuttum tíma.

Breytingar nú um stundir eru líklega þær mestu sem samfélög manna hafa upplifað. Þessir nýju atvinnuvegir krefjast ekki vöðvastyrks eins og helstu atvinnuvegir fortíðarinnar. Samhliða aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu ættu auðvitað að fylgja stóraukin völd þeirra. Ástæða þess að konum er að mörgu leyti betur treystandi til að ráða lands- og heimsmálum er að þær geta betur framfylgt hugmyndinni um minni valdbeitingu og forðast stríð, einfaldlega vegna þess að mæður munu almennt ekki vilja senda börn sín, syni eða dætur, til að drepa syni eða dætur annarra mæðra. Þetta hefur ekki vafist fyrir karlmönnum hingað til.

Hægt er að benda á dæmi í sögunni um árangursríka stjórnun undir forystu kvenna en það er mínóska menningin á Krít á árunum frá 2.700 f.Kr. til 1.500 f.Kr. Þetta var á tímum bronsaldarinnar og stóð mínóska menningin í rúm eitt þúsund ár sem er álíka langur tími og búseta hefur verið á Íslandi. Þetta var friðsamt samfélag með mikilli velmegun og einstaklegri frjórri menningu og listsköpun, samanber mynd 4. Konur voru þar í forsvari, að minnsta kosti til jafns á við karla, eins og sést á fjölmörgum trúarlegum og veraldlegum listmunum frá þessum tíma. Konur voru ekki einungis gyðjur guðdómsins heldur gegndu þær ráðandi hlutverki í landsmálum.



Mynd 4. Bláklæddu konurnar frá Knossos  
(freska frá því um 1450 f.Kr. sem er í safni í Herakleion á Krít)

Hin mínóska menning var lögð í rúst vegna náttúruhamfara og innrása karlmanna, meðal annars frá Grikklandi. Grikkir yfirtóku menningu Krítverja sem blandaðist svo þeirra eigin menningu svo úr varð hin gríska menning sem náði hápunkti um 500 f.Kr. Grísk menning varð síðan undirstaða allrar menningar á Vesturlöndum og reyndar víðar um heiminn. Sá ávöxtur spratt úr samfélagi án öfga.

Ef konur stjórnuðu heiminum væru að mati höfundar minni öfgar og meiri friður. Það er satt að segja dapurleg staðreynd að konur fengu í flestum löndum ekki kosningarétt fyrr en fyrir um eitt hundrað árum. Fram að því var litið á þær sem óæðri einstaklinga eða jafnvel sem eign í samfélögum heims. Það er óhugnanleg tilhugsun að samfélög manna hafi á fyrri tímum tekið meðvitað ákvörðun með kerfisbundnum hætti að svipta annan helming samfélagsins tækifærum til jafns við hinn. Það er ekki einungis mannskemmandi heldur hefur þetta í för með sér mikinn efnahagslegan kostnað sem kemur fram í lakari lífskjörum en þyrftu að vera. Enn eimir eftir af þessari hugsun og víða er þrengt að frelsi kvenna með öfgafullri túlkun á trúarbrögðum.

## 6. Lokaorð

Tæknin hjálpar öfgahugmyndum að dreifast og skjóta rótum, eins og gerst hefur hjá harðlínu íslamistum, bókstafstrúarmönnum og hægri öfgaöflum, en á sama tíma vantar grasrótarsamtök til að berjast fyrir lýðræði og hófsemi.

Menning og samfélög án öfga þurfa að vera aðgengileg fyrir komandi kynslóðir. Menningarleg fjölbreytni sem dregur úr öfgum getur kallað á spennu en eykur þó ætíð margbreytileika í daglegu lífi. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa verið gerðir skuldbindandi samningar til að viðurkenna, virða, vernda og efla menningarlega fjölbreytni. Hugsunin sem býr þar að baki er að menningarleg fjölbreytni sé leið til friðar þar sem með víðtækari vitneskju um aðrar manneskjur séu minni líkur á að átök skelli á milli einstaklinga og menningarhópa.



Þetta er þó oft erfitt í framkvæmd og nú er ástand í heimsálum þannig að ekki er sérstaklega mikil ástæða til bjartsýni. Ýmislegt bendir til þess að svipuð staða sé nú uppi og var í upphafi þriðja og fjórða áratugar síðustu aldar en þá sköpuðust aðstæður sem leiddu til öfga með hörmulegum afleiðingum fyrir mannkynið.

Öfgar hafa ætíð verið ein helsta ógn mannkynsins. Það er þó hægt að móta stefnu innan menningar sem byggir á náungakærleik til að draga úr öfgum. Það getur gerst með því að nýta aðferðafræði úr félagsvísindum en ekki hvað síst með því að tryggja konum mun meiri völd í samfélögum heimsins en nú er raunin.